

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í þessari 170 gjaldskrá, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breyt- 4. sept. ingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Neshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 4. september 1951.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## AUGLÝSING

171

12. sept.

um breyting á gjaldskrá nr. 123 14. september 1946, fyrir flugvöllinn í Reykjavík og flughöfnina í Skerjafirði.

1. gr.

Í stað 2. mgr. í 1. Lendingar- og hafnargjöld, sem er svo hljóðandi: „Fyrir lendingar á sjó greiðast  $\frac{2}{3}$  ofangreindra gjalda“ komi: Fyrir lendingar á sjó skal greiða sama gjald og að framan greinir fyrir lendingar á landi.

2. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Gjaldskrárbreyting þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 12. september 1951.*

**Björn Ólafsson.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

172

14. sept.

fyrir vatnsveitu Kópavogshrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Kópavogshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

2. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi hreppsnefndar eða þess aðila, sem hún felur umsjón vatnsveitunnar og eftirlit með henni.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Heimilt er henni að ráða sérstakan umsjónarmann, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu. Hreppsnefnd hefur